

*Gleðilegt sumar!*

- LÖGREGLU -

# MAÐURINN

1. tbl. - 2013

- LÖGREGLU -
# MAÐURINN
1. tölublað - 29. árgangur 2013 - 76 blað



Ritstjóri:
Steinar Adolfsson



Ábyrgðarmaður:
Snorri Magnússon
formaður LL



Starfsmenn LL:

Guðlaug Hreinsdóttir
skrifstofustjóri

Prófförk:
Atli Steinn Guðmundsson

Forsíðumynd:
Júlíus Sigurjónsson

Teikning á bls. 2:
Logi Jes Kristjánsson

Lögreglumaðurinn
er gefinn út af Landssambandi lögreglumanna

Netfang ll@bsrb.is
www.logreglumenn.is









| | |
|---|---|
| LSR á háskólastig | 4 |
| Danski skólinn | 8 |
| Lögreglunám á Íslandi | 14 |
| Starfsendurhæfing – VIRK | 19 |
| Formannaráðstefna | 22 |
| Sumarið 2013 | 24 |
| Íþróttir | 26 |

## Efni til birtingar í Lögreglumanninum

- Aðsendar greinar sem birtar eru í blaðinu skulu merktar höfundi. Greinin lýsir skoðun höfundar en ekki stjórnar LL.
- Sendið gjarnan með myndir, stafrænar myndir eiga að vera í jpg formati.
- Vinsamlega látið fylgja með stöður, nafn, fastanúmer ef um lögreglumenn er að ræða, vinnustað, heimili og GSM númer sem hægt er að ná í viðkomandi.
- Ritstjóri fer í gegnum allt aðsent efni. Að þeirri vinnu lokinni fær sendandi að vita hvort efnið birtist í blaðinu eða ekki.
- Samþykkt efni verður ritstýrt á þann hátt að það passi við efnið sem ætlast er til að birtist í blaðinu.
- Leyfi til birtingar efnis úr blaðinu er einungs veitt sé þess getið hvaðan það er fengið.

# Formannshornið






aalborgportland

VÍNBÚÐIN

Brasserie
ASKUR
SUÐURLANDSBRAUT 4




# LSR *á háskólastig*



*Frímann Birgir Baldursson*

**Frá því árið 2008 hefur það verið stefna Landssambands lögreglumanna að nám í Lögregluskóla ríkisins verði á háskólastigi. Með því er átt við að námið sé viðurkennt háskólanám og veiti þeim sem það klárar BA-gráðu í lögreglufræðum. Til þess að þetta geti orðið að veruleika þarf að endurskoða og eftir atvikum búa til nýtt námsefni og breyta kennsluaðferðum í lögregluskólanum til samræmis við þær kröfur sem gerðar eru til háskólanáms.**

**Núna eru í gangi samræður á milli LL og Lögregluskóla ríkisins um það sem við hjá LL viljum líta á sem undirbúning að frekari stefnumörkun til breytinga á námi lögreglumanna hér á Íslandi.**

## *Stefnumörkunin 2008*

Landssamband lögreglumanna hefur ávallt lagt ríka áherslu á menntunarmál lögreglumanna og átt fast sæti í valnefnd og skólanefnd lögregluskólans. Þá hefur LL einnig átt sæti í flestum þeim nefndum sem settar hafa verið á laggirnar s.s. í tengslum við stjórnunarnám og sérstök átaksnámskeið eins AMF-námskeiðin.

Kjarabók LL leit dagsins ljós á haustmánuðum 2008. Í henni er sérstakur kafli um menntunarmál lögreglumanna. Þar fyrst er fest niður á blað stefna LL að færa skuli nám í Lögregluskóla ríkisins á háskólastig. Þar er einnig gerð krafa um að stúdentspróf eða sambætileg menntun sé inntökuskilyrði í skólann.

*„Sé tekið mið af menntunarstigi íslensku þjóðarinnar, í samanburði við önnur ríki innan OECD og þeirri staðreynd að á hinum Norðurlöndunum er ýmist búið eða unnið að því að færa menntun lögreglumanna á háskólastig er það krafa LL að sama leið verði farin hér á landi.*

*Lögreglumenn eru, sem handhafar valdbeitingarvalds ríkisvaldsins, í störfum sínum að vinna með grundvallarmannréttindi borgaranna og verður því að vera hægt að gera þá kröfu til þeirra að þeir séu vel menntaðir. Á sama tíma eru flestar fagstéttir á Íslandi komnar á háskólastig eða stefna þangað. Þetta þýðir að auka verður við kröfur um inngöngu í lögregluskólann þ.a. krafist verði, að lágmarki, stúdentsprófs eða sambærilegrar menntunar. Lögreglustarfið er mikilvægur hluti af réttarkerfinu og það skiptir verulegu máli að lögreglumenn standi jafnfætis öðrum á þeim sviðum sem við vinnum.“*

(Kjarabók Landssambands lögreglumanna, bls. 28)

Stjórnir LL hafa frá því árið 2008 unnið eftir því sem fram er sett í Kjarabókinni og ítrekað krafist þess að fyrsta skrefið að breytingum á náminu verði stigið, þ.e. að inntökuskilyrðum verði breytt í samræmi við stefnu LL.

Frá því þetta var ritað hefur grunnnám í danska lögregluskólanum verið fært upp á háskólastig og er Ísland því eina landið á Norðurlöndum sem býður ekki upp á nám í lögregluskóla á háskólastigi.

## *Viðræður við ríkið í kjölfar gerðardóms 2011*

Eftir að gerðardómur féll í kjaradeilu LL og fjármálaráðherra í október 2011 voru haldnir nokkrir fundir með fulltrúum Innanríkisráðuneytis og fjármálaráðuneytis vegna niðurstöðu dómsins. Niðurstaða þeirra funda var meðal annars yfirlýsing um að farið skuli í viðræður um menntunarmál lögreglumanna. Krafa okkar um að námið yrði á háskólastigi var þar kynnt rækilega fyrir fulltrúum beggja ráðuneyta án þess þó að nokkur niðurstaða fengist um hvaða stefnu ríkið vildi taka í því máli.

Innan raða LL var hafist handa við að útfæra hugmyndir um hvernig námið ætti að byggjast upp og var horft til Norðurlandanna hvað það varðar og þá sérstaklega Danmerkur þar sem þeir voru á þessum tíma að stíga þetta skref. Uppbyggingu á náminu í danska lögregluskólanum er sagt frá á öðrum stað hér í blaðinu.

## *Sýn LL á uppbyggingu námsins*

Fyrstu hugmyndir LL um nám í lögreglufræðum á háskólastigi voru þær að námið yrði innan félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Við nánari skoðun voru ýmsir vankantar á því að námið yrði að öllu leyti innan HÍ og þá einna helst vegna þess að HÍ heyrir undir menntamálaráðuneytið en einn af stóru þáttunum í náminu, starfsnámið, myndi heyra undir innanríkisráðuneytið þar sem lögreglunemar hafa lögregluvald í starfsnáminu. Svipaðar hugmyndir voru uppi þegar náminu í danska lögregluskólanum var breytt en þar varð niðurstaðan að lögregluskólinn var áfram innan dómsmálaráðuneytisins þar í landi. Af þeirri ástæðu telur LL eðlilegt að efla eigi Lögregluskóla ríkisins sem sérstaka stofnun innan innanríkisráðuneytisins.

Nám til BA/BS-gráðu í háskólum er venjulega 3 ár (3 x 2 annir) í fullu námi. Hvert ár er í kringum 60 ECTS-einingar (European Credit Transfer and Accumulation System) og er almennt miðað við að nám í eitt háskólaár sé 1.500 – 1.800 vinnustundir, eða 25 til 30 vinnustundir fyrir hverja ECTS-einingu. Nám til BA/BS-gráðu er því að jafnaði 180 ECTS-einingar. Heimilt er samkvæmt lögum um háskóla nr. 63/2006 að útskrifa nema með diplómapróf sem jafngildir a.m.k. 30 – 120 ECTS-einingum.

Út frá þessu hafa hugmyndir LL um uppbyggingu námsins verið þær að hægt verði að útskrifa lögreglumenn með starfsréttindi (diplóma) eftir tveggja ára nám á háskólastigi og þeir geti þannig starfað sem fullgildir lögreglumenn. Starfsnámið verði inni í þessum námstíma og e.a. að hluta til að vetri. Eftir þetta nám muni þeir sem eru að störfum eiga möguleika á að taka síðasta hluta námsins, þriðja árið, í framhaldsdeild skólans samhliða störfum sínum í lögreglu og útskrifast þannig með BA-gráðu í lögreglufræðum. Að BA-námi loknu opnast ýmsir möguleikar á framhaldsnámi s.s. stjórnunarnám á meistarastigi í framhaldsdeild eða annað framhaldsnám í samstarfi við lögregluskóla á öðrum Norðurlöndum.

Við breytingarnar á náminu í Danmörku vöknuðu m.a. upp spurningar um hvað yrði um þá sem voru þá í skólanum og þá sem voru þegar að störfum. Lausnin hjá þeim var sú að gera „brýr“ fyrir þessa einstaklinga og bjóða upp á aukna menntun fyrir þá til að ná upp á sama stig. Þetta er lausn sem okkur hjá LL finnst vera góð fyrir lögreglumenn og þarf að útfæra þessa hugmynd nánar. Við þurfum ekki að fara langt til þess að leita lausna því nám fyrir bæði hjúkrunarfræðinga og kennara var kennt í sérskólum áður en námið var fært yfir til HÍ.

Þá viljum við að kennurum í lögregluskólanum verði gefinn kostur á að sækja sér menntun til þess að verða hæfir til að kenna á háskólastigi en það var gert í Danmörku. Þar var kennurum við skólann boðið upp á að sækja sér menntun til að fá háskólapróf og lögðu einhverjir kennarar stund á félagsfærði, sálfærði og kennslufærði svo eitthvað sé nefnt. Nú í vetur hófst svo nám á meistarastigi fyrir þá sem höfðu lokið grunnnámi í háskóla. En slíka gráðu þarf almennt til að geta kennt á háskólastigi.

LL telur að mikill vilji sé nú hjá ráðamönnum um breytingar á náminu og má þar fyrst nefna skýrslu um eflingu lögreglunnar sem unnin var í innanríkisráðuneytinu nú í vetur af nefnd sem m.a. var skipuð fulltrúum ráðuneytis og þingflokka á Alþingi. Snorri Magnússon, formaður LL, átti einnig sæti í nefndinni ásamt fulltrúum lögreglustjóra og yfirlögregluþjóna.

Í þessari skýrslu kemur fram að menntun lögreglumanna sé lykilþáttur í bættri löggæslu og að hún eigi ávallt að svara kröfum samtímans. Þá kemur einnig fram í skýrslunni að lengja þyrfti grunnámið á ný og endurskoða, með það að markmiði að það verði sambærilegt stöðu menntunarmála lögreglunnar í Evrópu, einkum á Norðurlöndum, og að menntunin veiti aðgang að framhaldsmenntun erlendis.

## *Af hverju háskólastig?*

Miklar þjóðfélagslegar breytingar hafa átt sér stað hér á landi undanfarin ár líkt og í allri Evrópu og á Norðurlöndum, sem við gjarnan berum okkur saman við. Afbrot eru sum hver orðin flóknari og umfangsmeiri og kallar það á aukna menntun og þjálfun lögreglumanna. Háskólamenntun er almennari í dag en áður þekktist og krafan um aukna menntun á almennum vinnumarkaði er orðin meiri. Menntunarstig þjóðarinnar er sífellt að aukast og er því eðlilegt að slíkt eigi einnig við um lögreglumenn. Þá hefur lögregla í meira mæli sætt gagnrýni fyrir vinnubrögð frá almenningi, ríki og dómstólum og krafa samfélagsins til lögreglu er mikil. Lögreglan hefur hingað til náð að standa undir þessum kröfum en með sífelldum breytingum á starfsumhverfinu verður að bregðast við þróuninni. Það er því ekki að óskoðuðu máli og út í bláinn að LL vilji sjá menntun lögreglumanna á háskólastigi.

Hugmyndir um breytta menntun lögreglumanna er svo sem ekki ný af nálinni en þær virðast hingað til ekki hafa hlotið hljómgrunn meðal stjórnmálamanna, yfirstjórnar lögreglu eða lögreglumanna sjálfra. Í janúar 2004 gaf Lögregluskóli ríkisins út skýrslu sem

BÍLASTÆÐASJÓÐUR
EIMSKIP
YFIR HAFIÐ OG HEIM
FASTUS



*Lögreglan hefur hingað til náð að standa undir þessum kröfum en með sífelldum breytingum á starfsumhverfinu verður að bregðast við þróuninni.*
*Það er því ekki að óskoðuðu máli og út í bláinn að LL vilji sjá menntun lögreglumanna á háskólastigi.*

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi


## Reykjavík

4th floor hótel,
Snorrabraut 29
A. Margeirsson ehf,
Flúðaseli 48
A1 málun ehf,
Ólafsgeisla 7
Actionpages Media ehf,
Skúlatúni 2
Aðalfagmenn ehf-
fagmenn.is,
Smiðshöfða 13
Aktis lögmannsstofa slf,
Ármúla 17
Alsmíði ehf,
Hamravík 62
ALTEX ehf,
Kringlunni 7
Alvarr ehf,
Skipholti 68
Alþýðusamband Íslands,
www.asi.is,
Sætúni 1
Antikmunir,
Klapparstíg 40
Arctic Rafting,
Laugavegi 11
Arkís arkitektar ehf,
Katrínartúni 2
Asía ehf,veitingahús,
Laugavegi 10
Atorka ehf verktakar og
vélaleiga,
Vættaborgum 117
Atvinnuhús ehf,
Hverfisgötu 4
Auglýsingastofan
ENNEMM,
Brautarholti 10
Augnablikk ehf,
Bíldshöfða 18
ÁH lögmenn slf,
Vættaborgum 144
Áman ehf,
Háteigsvegi 1
Árni Reynisson ehf,
Skipholti 50d
Ásbjörn Ólafsson ehf,
Köllunarklettsvegi 6
Balance ehf,
Viðarási 26
Baldvin Hafsteinsson hrl,
Laugavegi 7
Berserkir ehf,
Heiðargerði 16
Bezt á lambið-
www.bestalambid.is
Bifreiðastillingar Nicolai,
Faxafeni 12
Bílalíf ehf,bílasala,
Kletthálsi 2
Bílasala Guðfinns,
Stórhöfða 15
Bílasmiðurinn hf,
Bíldshöfða 16
Bílfang ehf,
Malarhöfða 2
Bjarnar ehf,
Borgartúni 30
Björnsbakarí ehf,
Klapparstíg 3 við Skúlagötu
Blaðamannafélag Íslands,
Síðumúla 23
Bláfugl hf,
Lynghálsi 4
Blikksmiðjan Glófaxi hf,
Ármúla 42
Blómabúðin Hlíðablóm,
Háaleitisbraut 68
Bonafide lögmenn ráð-
gjöf sf,
Klapparstíg 25-27
Boozt bar,
Borgartúni 39
Borgarbílastöðin ehf,
Þórunnartúni 2
Bókhaldsþjónusta Arnar
Ingólfssonar ehf,
Nethyl 2
Bókhaldsþjónustan
Viðvik ehf,
Síðumúla 1
Bólstrarinn ehf,
Langholtsvegi 82
Bólstrun Ásgríms ehf,
Bergstaðastræti 2
Breiðan ehf,
Markarvegi 6
Búseti hsf,
Síðumúla 10
Byggingarfélag Gylfa
og Gunnars ehf,
Borgartúni 31
CC bílaleiga ehf,
Snorrabraut 29
Central ehf,
tannsmíðastofa,
Nethyl 2c
Dale Carnegie,
þjálfun,
Ármúla 11
Danica sjávarafurðir ehf,
Suðurgötu 10
Draupnir
lögmannsþjónusta ehf,
Laugavegi 182
Dún- og fiður ehf,
Laugavegi 86
E. Ólafsson ehf,
Fiskislóð 31
E. Sigurjónsson
lögmannsstofa ehf,
Suðurlandsbraut 4
E.F. Ben ehf,
Kambsvegi 9
Eðalflutningar ehf,
Jónsgeisla 47
Efling stéttarfélag,
Sætúni 1
EG Skrifstofuhúsgögn ehf,
Ármúla 22
Eico ehf,
Skútuvogi 6
Eignamiðlunin ehf,
Síðumúla 21
Eignaumsjá ehf,
Skeifunni 17
Eik fasteignafélag hf,
Suðurlandsbraut 22
Endurskoðun
og reikningsskil hf,
Stangarhyl 5
Eyrir fjárfestingafélag ehf,
Skólavörðustíg 13
Fangelsismálastofnun
ríkisins,
Borgartúni 7
Faxaflóahafnir sf,
Hafnarhúsinu
Tryggvagötu 17
Felgur smiðja ehf,
Axarhöfða 16
Ferðafélag Íslands,
Mörkinni 6
Ferðamálastofa,
Geirsgötu 9
Ferró skiltagerð,
Langholtsvegi 130
Félag tanntækna og að-
stoðarfólks tannlækna,
Háaleitisbraut 58-60
Félagsbústaðir hf,
Hallveigarstíg 1
Fiskafurðir-umboðssala ehf,
Fiskislóð 5-9
Fiskbúðin Hafberg,
Gnoðarvogi 44
Fjárhagsþjónustan ehf,
Strýtuseli 14
Forum lögmenn ehf,
Aðalstræti 6
Fraktflutningar ehf,
Hlyngerði 2
Frami,
félag leigubifreiðastjóra,
Fellsmúla 26
Gagnaöryggi ehf,
Bæjarflöt 4
Garðmenn ehf,
Skipasundi 83
Gáski sjúkraþjálfun ehf,
Bolholti 8 og Þönglabakka 1
GB Tjónaviðgerðir ehf,
Draghálsi 6-8
Geiri ehf,
umboðs- og heildverslun,
Bíldshöfða 16
Gissur og Pálmi ehf,
byggingafélag,
Álfabakka 14a
Gistiheimilið og veitinga-
staðurinn Pisa,
Lækjargötu 6b
Gjörvi ehf,
Grandagarði 18
Gleraugnaverslunin
Sjón ehf,
Laugavegi 62
Grand Hótel Reykjavík,
Sigtúni 38
Grandakaffi ehf,
Grandagarði 101
Grant Thornton
endurskoðun ehf,
Suðurlandsbraut 20
Greiðan hárgreiðslustofa,
Háaleitisbraut 58-60
GTG endurskoðun ehf,
Logafold 164
Guðmundur Arason ehf-
GA Smíðajárn,
Skútuvogi 4
Guðmundur Jónasson ehf,
Borgartúni 34
Gull- og silfursmiðjan
Erna ehf,
Skipholti 3
Gullsmiðja Óla,
Veltusundi 1
Gústaf Þór Tryggvason hrl.,
Tjarnargötu 10d
Hafgæði sf,
Fiskislóð 47
Hagi ehf-Hilti,
Stórhöfða 37
Hagkaup,
Holtagörðum
Halli gullsmiður,
Bankastræti 6
Happdrætti Dvalarheimilis
aldraðra sjómanna,
Tjarnargötu 10
Happdrætti
Háskóla Íslands,
Tjarnargötu 4
Hársnyrtistofa Dóra,
Langholtsvegi 128
Hársnyrtistofan
Höfuðlausnir,
Hverafold 1-3
Heildverslunin Eygló ehf,
Skaftahlíð 3
Hereford Steikhús ehf,
Laugavegi 53b
Héraðsdómur Reykjavíkur,
Austurstræti 19
Hilmar D. Ólafsson ehf,
Langholtsvegi 13
Hitatækni ehf,
Langholtsvegi 109
Híbýli og skip ehf,
Ármúla 15
Hjá Dóra ehf,
matsala,
Þönglabakka 1
Hjá Jóa Fel,
brauð og kökulist,
Kleppsvegi 150
Hjólbarðaverkstæði Sigur-
jóns ehf,
Hátúni 2a
Hljóðfærahúsið ehf,
Síðumúla 20
Hornið veitingastaður,
Hafnarstræti 15
Hókus Pókus ehf,
Laugavegi 69
Hópferðabílar Allrahanda,
Klettagörðum 4
Hótel Cabin ehf,
Borgartúni 32
Hótel Frón ehf,
Laugavegi 22a
Hótel Hringhotels,
Laugavegi 7
Hótel Leifur Eiríksson ehf,
Skólavörðustíg 45
Hótel Óðinsvé hf,
Þórsgötu 1
Hótel Örkin,
sjómannaheimili,
Brautarholti 29
Hreinsibílar ehf,
Krókhálsi 16
Hreinsitækni ehf,
Stórhöfða 37
Hreyfill,
Fellsmúla 26
Hreysti ehf,
Skeifunni 19
HS pípulagnir ehf,
Hraunbæ 78
Humarhúsið,
Amtmannsstíg 1
Hvíta húsið hf,
auglýsingastofa,
Brautarholti 8
Iceland Congress,
Skipholt 31
IcePharma hf,
Lynghálsi 13
Iðnó ehf,
Vonarstræti 3
Innes ehf,
Fossaleyni 21
Ísaga hf,
Breiðhöfða 11
Ísbúðin Erluís,
Fákafeni 9
Ísfrost ehf,
Funahöfða 7
Íslandspóstur hf,
Stórhöfða 29
Íslenska Gámafélagið ehf,
Gufunesi
Ísmar ehf,
Síðumúla 28
Ísólfur Pálmarsson-
hljóðfæraumboð sf,







bar yfirskriftina „Nýtt kerfi lögreglumenntunar“. Í skýrslunni er rakin ástæða þess að nám í lögregluskólanum var stytt í 12 mánuði árið 2001 en á þeim tíma var nokkuð um að ófaglærðir einstaklinar sinntu störfum lögreglu. Lögregluskólinn kom fram með þá hugmynd að stytta námið í skólanum til þess að uppfylla þörfina á menntuðum lögreglumönnum.

Þegar ljóst var að þessu takmarki yrði náð hófst vinna við gerð skýrslunnar. Í skýrslunni eru settar fram metnaðarfullar hugmyndir um lengingu námsins aftur úr 12 mánuðum í 24 og þar að auki 12 mánaða reynslutími að námi loknu, samtals 3 ár. Samkvæmt tillögum Lögregluskólans yrði bóknám við skólann alls 12 mánuðir eða fjórum mánuðum lengra en það er í dag. Þá er komið inn á að nám í Lögregluskólanum eigi að vera sambærilegt því sem gerist í nágrannalöndum okkar:

*„Það er því mat Lögregluskólans að nú sé rétta tækifærið til að færa kerfið í átt til þess sem nauðsynlegt má teljast svo að menntun lögreglumanna á Íslandi verði fullkomlega samkeppnishæf við það sem best gerist í nágrannalöndunum. Í þessu sambandi má nefna að á samstarfsfundum norrænna valnefnda hefur að undanförnum árum verið talsvert rætt um það að reyna að samræma inntökuskilyrði, inntökupróf og námskröfur allra lögregluskólanna á Norðurlöndunum með það fyrir augun að lögreglumenn geti, með ákveðnu og skilgreindu námi, starfað í hverju Norðurlandanna sem þeir kjósa.“*

(Nýtt kerfi lögreglumenntunar, bls. 1 og 2)

Það geta verið margar skýringar á því hvað hafi orðið til þess að yfirvöld hafi ekki farið að ráðum Lögregluskólans og nú, rúmum 9 árum seinna, skuli skólinn enn vera í því fari sem hann var settur í til að taka á tímabundnu ástandi sem ekki er lengur til staðar. Við eftirlátum þeim að leita skýringa hjá sjálfum sér.

Í Danmörku voru það lögreglumenn sjálfir sem kölluðu eftir breyttri og aukinni menntun. Var því haldið fram að danski lögregluskólinn væri ekki að undirbúa lögreglumenn nægjanlega mikið fyrir þá vinnu sem ætlast var til af þeim í mikið breyttu samfélagi. Frumkvæði að því að farið var í breytingar á menntun lögreglumanna kom frá félagasamtökum þeirra, danska landssambandinu. Almennt var tekið jákvætt í þessar hugmyndir og boltinn rúllaði af stað í kjölfar skipulagsbreytinga í dönsku lögreglunni árið 2007. Drifkraftur skipulagsbreytinganna í Danmörku var fyrst og fremst hagræðing. Sama er uppi á teningnum hérna heima. Þegar við blasti mikill niðurskurður hjá danska skólanum kom fram hugmynd um hvort ekki væri skynsamlegra, í stað þess að skera niður hjá skólanum, að bæta menntunina í samræmi við kröfurnar sem fram voru komnar og nota til þess það fjármagn sem skólinn hafði þá og byggja á því til framtíðar. Niðurstaða Dana var sú að skólinn er nú á háskólastigi og lögreglumenn fá betri menntun og útskrifast þaðan með háskólagráðu. Samkvæmt upplýsingum frá danska skólanum er þetta nám ekki dýrara en það nám sem var áður kennt.

Undanfarin ár höfum við í LL heyrt svipaðar raddir frá lögreglumönnum hér á landi og heyrðust frá lögreglumönnum í Danmörku og ef við berum saman umræðuna fyrir breytingarnar í Danmörku og aðstæðurnar sem þar voru uppi við þær umræður og aðstæður sem hér eru má segja að það sé eins og við séum að horfa í spegil. Stóri munurinn er hins vegar sá að í Danmörku tóku ráðamenn og yfirstjórn lögreglu mjög jákvætt í þessar breytingar.

### *Leiðin að settu markmiði*

Það er von mín að með þessum skrifum hafi ég náð að opna augu okkar allra aðeins gagnvart því að breyta þurfi námi í Lögregluskóla ríkisins. Fá mál eru mikilvægari starfsstéttinni okkar um þessar mundir og samhliða skipulagsbreytingum í lögreglu er gullið tækifæri til þess að skoða menntun okkar heildstætt.

Það er ljóst að breytingar sem þessar eru ekki gerðar á einni nóttu. Undirbúningur að þessu markmiði getur tekið nokkur ár en ef reynsla annarra er nýtt þarf sá tími ekki að vera mjög langur. Fyrstu skrefin er hægt að stíga strax með því að lengja lögregluskólann að nýju og gera stúdentspróf eða sambærilega menntun að inntökuskilyrði.

Ráðamenn og Alþingi þurfa að sannfærast um ágæti þess að hafa góða lögreglumenntun á háskólastigi. Það er kominn tími til að við nýtum okkur reynslu annarra og fylgjum eftir þeirri þróun sem hefur orðið í samfélaginu. Það getur ekki verið gott að takast á við breytingar löngu eftir að þær eru orðnar og eyða miklum fjármunum í að ná í skottið á þeim til þess eins að halda í við þær. Það er kominn tími til að skoða málefni Lögregluskóla ríkisins og horfa til framtíðar, takast á við breytingar jafnóðum og þær verða, en helst áður. Lærum af frændum okkar á Norðurlöndum og stígum skrefið.

*Ráðamenn og Alþingi þurfa að sannfærast um ágæti þess að hafa góða lögreglumenntun á háskólastigi. Það er kominn tími til að við nýtum okkur reynslu annarra og fylgjum eftir þeirri þróun sem hefur orðið í samfélaginu.*


Gamla Smiðjan

EIMSKIP

Grillbúðin
www.grillbudin.is
Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400



# Danski *skólinn*



Karl Steinar Valsson



*Frímann Birgir Baldursson*

**Dagana 1. – 5. október 2012 fóru Karl Steinar Valsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá LRH, og Frímann Birgir Baldursson, varaformaður LL, til Kaupmannahafnar þar sem þeir kynntu sér breytingar sem hafa orðið á námi í danska lögregluskólanum. Þessi kynnisferð var hluti af stefnumörkun sem LL hefur sett sér um að nám í Lögregluskóla ríkisins sé fært, að hluta til eða öllu leyti, upp á háskólastig. Landssambandið hafði fengið styrk úr Leonardo-verkefninu til ferðarinnar og var það mögulegt vegna aðildarumsóknar Íslands að ESB.**

Ástæðan fyrir því að Danmörk varð fyrir valinu var sú að þar hafði nýlega verið hafin kennsla á háskólastigi í lögregluskólanum og þótti okkur mjög áhugavert að kynnast þeirra reynslu og aðferðafræði við breytingarnar.

Danska landssambandið aðstoðaði okkur við undirbúning og skipulagningu ferðarinnar og var unnin mjög góð vinna af þeirra hálfu. Heimsóknin byggði á samblandi af fundum með landssambandinu, kynningum frá danska lögregluskólanum og fundum og kynningum frá lögregluembættum.

Tilgangur þessarar greinar er fyrst og fremst að fara yfir aðdragandann að breytingunum og það sem gert var í breytingaferlinu og loks fara yfir uppbyggingu danska skólans.

### *Upphafið að breytingum á menntun lögreglumanna*

Færsla danska skólans á háskólastig hefur verið í vinnslu síðan 2005 – 2006. Aðalástæða þess að farið var í þessar breytingar var sú að lögreglumenn höfðu í talsverðum mæli samband við danska landssambandið og lýstu því að þeim þætti námið ekki skila nægum undirbúningi fyrir starfið. Námið væri frekar óskipulagt og ómarkvisst og ekki væri til nein ákveðin stefna eða „rauður þráður“ í gegnum námsferlið.

Upp úr þessu fór danska landssambandið að móta sér stefnu í menntunarmálum lögreglumanna og skoða námið frá öllum hliðum. Komst landssambandið að því að námið væri staðnað og ekki væri tekið mið af þeim breytingum sem hafa átt sér stað á lögreglustarfinu undanfarin ár. Ítrekað hafi komið fram við skoðun á náminu að það væri ekki nógu markvisst, miðað við það sem menn vildu fá út úr því. Þá hafi komið upp skýr dæmi um að námið hafi ekki verið að undirbúa nema í skólanum undir lögreglustarfið.

Hugmyndin um að danski lögregluskólinn yrði á háskólastigi er komin frá danska landssambandinu og var unnið út frá þeirri sýn að námið yrði fagnám þar sem gott jafnvægi væri á milli akademískrar og verklegrar þjálfunar. Þá var lögð áhersla á að námið yrði öflugt og að í framtíðinni yrði mögulegt að æðstu stjórnendur lögreglu verði lögreglumenn og að ekki þyrfti lögfræðimenntun til þeirra starfa.

Með skipulagsbreytingunum á lögreglunni í Danmörku árið 2007 áttaði ríkislögreglustjóraembættið sig á því að námið væri ekki nógu gott miðað við framtíðarsýn embættisins og ríkisins á lögregluna og tóku undir sjónarmið danska landssambandsins um að breytinga væri þörf. Þá varð almennur vilji og jákvæðni í garð breytinga hjá stjórnmálamönnum og var vinna hafin á æðstu stöðum við að endurskoða námið. Settur var á fót sérstakur hópur, sem ekki tengdist umræðunni um lögreglunámið, um það hvernig menn vildu sjá lögregluna í framtíðinni og styrkti niðurstaða hópsins hugmyndir um að færa námið á háskólastig. Ákvörðunin var tekin og lagt var af stað í breytingaferlið.



### *Breytingaferlið*

Eftir að boltinn var byrjaður að rúlla komu upp mjög skiptar skoðanir á því hvort rétt væri að fara út í slíkar breytingar. Í breytingaferlinu sjálfu hljóðnuðu þær gagnrýnisraddir og smátt og smátt sáu menn kosti þess að breyta náminu. Hugmyndir ríkisins og framtíðarsýn á lögreglu og mikilvægi þess að skólinn endurspegli þær þarfir fékk hljómgrunn innan lögreglunnar.

Hafin var heildstæð skoðun á öllu námsefni í lögregluskólanum og með gagnrýnum hætti farið í gegnum allt námið og m.a. spurt hvers vegna verið væri að kenna þetta eða hitt námsefni og hvað réttlætti að það yrði kennt áfram með sama hætti. Settir voru á fót „fókushópar“ sem yfirfóru allt námsefni og e.a. var námsefni lagfært eða skrifað upp frá grunni. Í þessum fókushópum áttu sæti fagmenn í kennslufræðum, starfsmenn lögreglu og almennir borgarar. Markmiðið var að námsefnið þjónaði þeim tilgangi að endurspegla þarfir samfélagsins ekki síður en lögreglu. Skorið var m.a. niður í líkamsþjálfun og gerð sú krafa að nemendur stundi líkamsrækt utan skólans. Þá var einnig skorið niður í kennslu í dönsku en í stað þess var aukin kennsla í skýrsluritun þar sem áhersla er lögð á málfar og framsetningu texta við skýrslugerð.

Til að undirbúa kennara skólans fyrir kennslu á háskólastigi var þeim boðið að sækja sér aukna menntun. Á endanum þáðu um 2/3 hlutar kennara þetta og hafa nú lokið eða eru að ljúka námi í kennslufræðum, félagsfræðum, sálfræði o.fl. Tuttugu og tveir kennarar eru nú í MA-námi sem er sérstaklega ætlað kennurum við lögregluskólann. Sá þriðjungur kennara við skólann sem ekki þáði þetta var aðstoðaður við að finna önnur störf innan lögreglu.

Samhliða þessu var farið út í að búa til brýr fyrir þá sem höfðu nú þegar lokið námi frá skólanum til þess að þeir geti náð á sama stað og þeir sem útskrifast úr nýja náminu. Í sumum tilvikum þurfa menn að leggja verulega á sig en þeir sem voru nýlega útskrifaðir þurfa ekki eins mikla vinnu við það. Þá var við skipulagninguna lögð mikil áhersla á að eftir breytingarnar yrðu ekki til A- og B-lögreglumenn, þ.e. þeir sem útskrifuðust úr gamla kerfinu og þeir sem útskrifast úr nýja kerfinu með BA-gráðu, til þess að passa upp á að allir hefðu sama möguleika á starfsframa innan lögreglunnar.

Allt skipulag námsins miðast nú við að það sé gott flæði og að sterkt samhengi sé milli bóklegs náms og starfsnáms og markmiðið er að í gegnum það sé sá „rauði þráður“ sem þótti skorta í gamla kerfinu.

### *Uppbygging námsins*

Náminu í Danmörku er skipt upp í 5 einingar sem Danirnir kalla „modul“. Hver eining samanstendur af 2 x 11 vikum eða 3 x 11 vikum. Kennsla í bóklegum greinum fer öll fram í lögregluskólanum í Brøndby en verkleg kennsla fer fram hjá nokkrum embættum. Þar sem starfsnámið fer fram utan skólans er gerð mikil krafa til starfsþjálfara og embættanna um skipulag starfsnámsins. Verkleg þjálfun, s.s. handtökuæfingar og skotþjálfun, er í gegnum allt námið. Bóklega námið er að mestu lotunám sem lýkur með prófi fljótlega að lokinni hverri lotu. Inntökuskilyrði í skólann breyttust lítið. Helsta breytingin er þó sú að hámarksaldur umsækjanda var felldur út. Teknir eru inn 96 nemar í hvert skipti og skipt í fjóra bekki, 24 í hverjum bekk.

*Með skipulagsbreytingunum á lögreglunni í Danmörku árið 2007 áttaði ríkislögreglustjóraembættið sig á því að námið væri ekki nógu gott miðað við framtíðarsýn embættisins og ríkisins á lögregluna og tóku undir sjónarmið danska landssambandsins um að breytinga væri þörf.*

hagar
HOTEL RANGÁ
Luxury Resort & Dining
Hátækni
HB GRANDI
park inn by Radisson
ISLAND REYKJAVIK
Hvalur hf.
ICELANDAIR CARGO
ÞVÍ TÍMINN FLÝGUR
isavia

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Bakkastíg 5
Ís-spor ehf,
Síðumúla 17
Janusbúðin -
Ullarkistan ehf,
Laugavegi 25
JGG ehf,
Langholtsvegi 49
Jóhannes Long ljósmyndari,
Ásholti 2
JP Lögmenn ehf,
við Höfðatorg
K. H. G. Þjónustan ehf,
Eirhöfða 14
K. Pétursson ehf,
Kristnibraut 29
Kaffi París,
Austurstræti 14
Kaffivagninn ehf,
Grandagarði 10
Kemis-heildverslun ehf,
Breiðhöfða 15
Kirkjugarðar Reykjavíkur-
prófastsdæma,
Vesturhlíð 8
Kjöreign ehf,
fasteignasala,
Ármúla 21
Kjörgarður,
Laugavegi 59
Kjöthöllin ehf,
Skipholti 70
& Háaleitisbraut 58-60
Klipphúsið ehf,
Bíldshöfða 18
Knattspyrnusamband
Íslands,
Laugardal
KOM almannatengsl,
Katrínartúni 2
Kone ehf,
Síðumúla 17
Kr. St. lögmannsstofa ehf,
Tryggvagötu 11
Kringlan,
Kringlunni 4-12
Kvikk Þjónustan ehf,
Vagnhöfða 5
Lagnalagerinn ehf,
Fosshálsi 27
Landfestar ehf,
fasteignafélag,
Álfheimum 74
Landhelgisgæsla Íslands,
Skógarhlíð 14
Landsnet hf,
Gylfaflöt 9
Landssamtök lífeyrissjóða,
Sætúni 1
Láshúsið ehf,
Bíldshöfða 16
Legis ehf,
lögfræðistofa,

Holtavegi 10
Leigulistinn ehf,
Skipholti 50b
Leiguval ehf,
Kleppsmýrarvegi 8
Litir og föndur,
Skólavörðust. 12
& Smiðjuvegi 5,
Litla Bílasalan ehf,
Eirhöfða 11
Ljósboginn ehf,
Bíldshöfða 14
Loftlínur ehf,
Rauðhömrum 8
Logaland -
Heilbrigðisvörur,
Tunguhálsi 8
LP-Verktak ehf,
Kleppsvegi 48
LP-Verktak ehf,
Kleppsvegi 48
Lögfræðiskrifstofa Tryggva
Viggóssonar,
Kringlunni 7
Lögmannsstofa Rúnars S
Gíslasonar,
Lágmúla 5
Lögmannsstofan Réttur,
Klapparstíg 25-27
Lögmenn Árbæ slf,
Nethyl 2
Lögmenn Jónas & Jónas
Þór sf,
Stórhöfða 25
Lögmenn Laugardal ehf,
Sundagörðum 2
Lögmenn Laugavegi 3 ehf,
Laugavegi 3
Lögreglustjórinn
á höfuðborgarsvæðinu,
Hverfisgötu 115
Löndun ehf,
Kjalarvogi 21
Matfugl ehf,
Völuteigi 2
Málarakompaníið ehf,
Fornastekk 3
Málarameistarar ehf,
Logafold 188
Merkismenn ehf,
Ármúla 36
Minjavernd hf,
Amtmannstíg 1
Mímir-símenntun ehf,
Ofanleiti 2
Mótor ehf,
tískuverslun,
Kringlunni 4-12
MS Armann
skipamiðlun ehf,
Tryggvagötu 17
Múlakaffi,
Hallarmúla

Múlaradíó ehf,
Fellsmúla 28
Múrþjónusta Braga ehf,
Miklubraut 24
Nathan & Olsen ehf,
Klettagörðum 19
Nesradíó ehf,
Síðumúla 19
Nexus afþreying ehf,
Hverfisgötu 103
Nýi ökuskólinn ehf,
Klettagörðum 11
Nýja bílahöllin ehf,
Eirhöfða 11
Nýja sendibílastöðin hf,
Knarrarvogi 2
Ósal ehf,
Tangarhöfða 4
Pegasus ehf,
Sóltúni 24
Pétur Stefánsson ehf,
Vatnsstíg 15
PG Þjónusta ehf,
Klukkurima 14
Pipar og salt ehf,
Klapparstíg 44
Pisa Ristorante-Guesthouse,
Lækjargötu 6b
Pixel ehf,
Brautarholti 10-14
Pixlar ehf,
Suðurlandsbraut 52
Pípulagnaverktakar ehf,
Langholtsvegi 109
Plast,
miðar og tæki ehf,
Krókhálsi 1
Poulsen ehf,
Skeifunni 2
Prentsmiðjan
Leturprent ehf,
Dugguvogi 12
Prikið ehf,
Bankastræti 12
Promennt ehf,
Skeifunni 11b
Prófílstál ehf,
Smiðshöfða 15
Rafiðnaðarskólinn ehf,
Stórhöfða 27
Rafsvið sf,
Þorláksgeisla 100
Rafvörn ehf,
Langagerði 4
Rafþjónustan slf,
Klapparbergi 17
Ragnar og Guðjón ehf,
Espigerði 2
Rangá sf,
Skipasundi 56
Reykjavík Foto ehf,
Laugavegi 51
Réttingaverk ehf,

Hamarshöfða 10
Rizzo Pizzeria ehf,
Grensásvegi 10
Ríkissaksóknari,
Hverfisgötu 6
RJR ehf,
Sundaborg 5
Rossopomodoro,
veitingastaður,
Laugavegi 40a
Safalinn ehf,
Dugguvogi 3
Saumsprettan ehf,
Katrínartúni 2
Scandinavian,
Laugavegi 22a
Sendibílar og
hraðþjónusta ehf,
Urriðakvísl 3
Senia ehf,
heildverslun,
Skútuvogi 1e
Shop Couture sf,
Síðumúla 34
SHV
pípulagningaþjónusta ehf,
Funafold 54
Sigurborg ehf,
Gylfaflöt 5
Sigurjónsson & Thor ehf,
Lágmúla 7
Sindrafiskur ehf,
Mánatúni 5
Síma- og tölvulagnir hf,
Kirkjustétt 34
Sjómannadagsráð Reykja-
víkur og Hafnarfjarðar
Sjóvélar ehf,
Skútuvogi 12
Skala ehf,
Lágmúla 5
Skemmtilegt ehf,
Skútuvogi 12l
Skipamiðlarar ehf,
Grandagarði 14
Skorri ehf,
Bíldshöfða 12
Skólavefurinn.is,
Laugavegi 163
Skóvinnustofa Halldórs
Guðbjörnssonar,
Hrísateigi 19
SM kvótaþing ehf,
Skipholti 50d
Smith og Norland hf,
Nóatúni 4
Smurstöðin Klöpp ehf,
Vegmúla 4
Snóker- og Poolstofan,
Lágmúla 5
Sólgeislar ehf,
Öldugötu 30a
Sportlíf,

Suðurlandsbraut 10
Stál og stansar ehf,
Vagnhöfða 7
STEF Samband tónskálda
og eigenda,
Laufásvegi 40
Stilling ehf,
Klettháls 5
Stofnun Árna Magnússonar,
Suðurgötu
Stólpi ehf - alhliða
viðgerðaþjónusta,
Klettagörðum 5
Suzuki bílar hf,
Skeifunni 17
Sveinsbakarí,
Arnarbakka 4-6
SVÞ-Samtök verslunar
og þjónustu,
Borgartúni 35
Sævörur ehf,
Skildinganesi 28
Sögn ehf,
Skálholtsstíg 7
Söluturninn Pólís,
Skipholti 50c
Tannlæknastofa
Egils Kolbeinssonar,
Grensásvegi 44
Tannlæknastofa
Ingólfs Eldjárn,
Vegmúla 2
Tannlæknastofa
Þórðar Birgissonar,
Ármúla 23
Tannþing ehf,
tannlæknastofa,
Þingholtsstræti 11
Tímadjásn,
skartgripaverslun,
Grímsbæ Efstalandi 26
Tollvarðafélag Íslands,
Tryggvagötu 19
Total Capital Partners ehf,
Laugavegi 182
Túnþökuþjónustan ehf,
s: 897 6651,
Lindarvaði 2
Tvítindar ehf,
Ármúla 38
Tækni ehf,
vélsmiðja,
Súðarvogi 9
Tölvu- og
tækniþjónustan ehf,
Grensásvegi 8
Tösku- og hanskabúðin ehf,
Skólavörðustíg 7
Ull og gjafavörur,
verslun,
Hótel Sögu
Umferðarstofa,
Borgartúni 30

**Modul 1** er kennsla í bóklegum greinum í lögregluskólanum. Áhersla er lögð á almenn lögreglufræði og grunn lögreglustarfsins þar sem nemi er búinn undir að geta leyst einföld verkefni lögreglu, skýrslugerð og ýmsa verklega þætti í lögreglu, s.s. akstur. Kennt er í 33 vikur.

**Modul 2** er starfsnám þar sem neminn nýtir nýfengna þekkingu úr Modul 1. Alls er þessi starfsnámstími 22 vikur og þurfa nemar m.a. að skila inn 3 verkefnum/ritgerðum á starfsnámstímanum og vinna eina viku að forvarnaverkefnum. Á starfsnámstímanum er neminn með tveimur starfsþjálfurum í alls 12 vikur áður en hann/hún getur gengið vaktir með öðrum lögreglumönnum. Í þessum hluta er ekkert farið í rannsóknir mála.

**Modul 3** er bókleg kennsla í lögregluskólanum. Í þessum hluta er farið dýpra í verkefni lögreglu, flóknari mál og rannsóknir. Kennt er í 22 vikur.

**Modul 4** er starfsnám hjá lögregluembætti. Hér er aðaláherslan lögð á rannsóknir mála og forvarnir. Kennt er í 22 vikur.

**Modul 5** er síðasti hlutinn og er bóklegt nám. Kennt er í 33 vikur en síðustu 11 vikurnar eru lokaverkefni (BA-verkefni). Í þessum hluta er farið nánar út í réttarfar og refsirétt svo dæmi séu nefnd.

Í viðræðum við danska landssambandið, starfsmenn lögregluskólans og starfsnámsstjóra í lögregluembættum fundum við fyrir mikilli ánægju og bjartsýni með námið. Menn voru almennt jákvæðir fyrir breytingunum og spenntir fyrir framtíðinni. Skólinn hefur enn ekki fengið opinberan stimpil um að hann kenni á háskólastigi en það er vegna þess að kennarar uppfylla ekki enn allir skilyrði til kennslu á háskólastigi. Meðan á því ferli stendur er hann á undanþágu og mun lokaúttekt og „stimplun" fara fram á næstu misserum. Öll kennsla í skólanum fer fram skv. akademískum kröfum og þarf því ekki að óttast úttekt á skólanum þegar að henni kemur.

Nú er verið að vinna að framhaldsmenntun lögreglumanna og koma skipulagi á lítil sérnámskeið sem ekki gefa einingar heldur auka starfshæfni lögreglumanna. Reiknað er með að þeirri vinnu verði lokið á þessu ári.

*Karl Steinar Valsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn og Frímann Birgir Baldursson, varaformaður LL*





Íslandsbanki
JÁ JÁKÓ / ISACO
VÉLAR OG EFNAVÖRUR S/F
KFC

# Eftirtaldir aðilar óska lögreglumönnum velfarnaðar í starfi

Úra- og klukkuverslun
Gilberts Ó Guðjónssonar,
Laugavegi 62
Útfararstofa Íslands ehf,
Suðurhlíð 35
Útfaraþjónusta Rúnars
Geirmundssonar,
Fjarðarási 25
V.R.,
Kringlunni 7
Vals tómatsósa ehf,
Viðarhöfða 2
Varahlutaverslunin
Kistufell ehf,
Brautarholti 16
VDO verslun og verkstæði,
Borgartúni 36
Vegamót,
Vegamótastíg 4
Veiðibúðin Hlað ehf,
Bílshöfða 12
Veiðikortið ehf,
Kleifarseli 5
Veiðiþjónustan Strengir,
Smárarima 30
Veitingahúsið Caruso,
Þingholtsstræti 1
Veitingahúsið Jómfrúin,
Lækjargötu 4
Veitingahúsið Lauga-Ás,
Laugarásvegi 1
Verkfærasalan ehf,
Síðumúla 11
Verslunartækni ehf,
Draghálsi 4
Verslunin Fríða frænka,
Vesturgötu 3
Verslunin Kiss,
Kringlunni 4-12
Vesturröst-Sérversun
veiðimanna,
Laugavegi 178
Véltækni hf,
Stórhöfða 35
Vélvík ehf,
Höfðabakka 1
Vilberg kranaleiga ehf,
Fannafold 139
Vitabar,
veitingahús,
Bergþórugötu 21
Víkurós ehf,
bílamálun og réttingar,
Bæjarflöt 6
Vörubílastöðin Þróttur hf,
Sævarhöfða 12
Wilson's Pizza,
Gnoðarvogi 44
Wise lausnir ehf,
Borgartúni 26
Þingvallaleið ehf,
Skógarhlíð 10
Þín verslun ehf,
Hagamel 39
Þrír Frakkar hjá Úlfari,
veitingahús,
Baldursgötu 14
Ögurvík hf,
Týsgötu 1
Ölver,
Álfheimum 74
Seltjarnarnes
Bæjarins bestu sf,
Böllagörðum 4
Felixson ehf,
Lindarbraut 11
Innrömmun Guðmundar,
Eiðistorgi 15
Sævar bíla- og bátarafmagn,
Kirkjubraut 13
Tannlæknastofa Ragnars Ó
Steinarssonar ehf,
Eiðistorgi 15
Vogar
Loftræstihreinsun ehf,
Vogagerði 19
Vélsmiðjan Altak ehf,
Jónsvör 5

## Kópavogur

AMG Aukaraf ehf,
Dalbrekku 16
Á Guðmundsson,
Bæjarlind 8-10
Ásborg slf,
Smiðjuvegi 11
Bifreiðastillingin ehf,
Smiðjuvegi 40d
Bifreiðaverkstæði
Jónasar ehf,
Skemmuvegi 46
Bíla-Áttan ehf,
Smiðjuvegi 30
Bílalakk ehf,
Laufbrekku 26
Bílamarkaðurinn,
Smiðjuvegi 46e
Bílamálunin Varmi ehf,
Auðbrekku 14
Bílasprautun og réttingar
Hjartar,
Smiðjuvegi 56
Bílhúsið ehf,
Smiðjuvegi 60
Bílvogur ehf,
Auðbrekku 17
Blikkarinn hf,
blikksmiðja,
Auðbrekku 3-5
BSA varahlutir ehf,
Skemmuvegi 4a
Cafe Catalina,
Hamraborg 11
Datek Ísland ehf,
Smiðjuvegi 50
dk hugbúnaður ehf.,
dk.is,
Hlíðasmára 17
Dýrheimar sf heildsala,
Ögurhvarfi 8
Fasteignastöðin,
Hús og híbýli,
Hlíðasmára 17
Furðufuglar ehf,
Borgarholtsbraut 20
Garminbúðin,
Ögurhvarfi 2
Guðjón Gíslason,
dúklagningameistari,
Ennishvarfi 15b
Gunnarshólmi
grasavinafélag ehf,
Gunnarshólma
Hefilverk ehf,
Jörfalind 20
Hegas ehf,
Smiðjuvegi 1
Hópvinnukerfi ehf-Focal
Software & Consulting,
Hlíðasmára 14
Íslandsspil sf,
Smiðjuvegi 11a
Ísnes ehf,
heildverslun,
Hamraborg 5
JS ljósasmiðjan-
Sláttuvélamarkaðurinn,
Skemmuvegi 34
K.S. Málun ehf,
Fellahvarfi 5
Kjöthúsið ehf,
Smiðjuvegi 24d
Kynnisferðir ehf,
Vesturvör 34
Lögfræðistofa Jóhanns
Baldurssonar hdl,
Hlíðasmára 6
Löggiltir
endurskoðendur ehf,
Hlíðasmára 6
MótX ehf,
Drangakór 4
Nýja kökuhúsið ehf,
Auðbrekku 2
RadioRaf ehf,
Smiðjuvegi 52
Rafmiðlun hf,
Ögurhvarfi 8
Rafport ehf,
Nýbýlavegi 14
Reykofninn ehf,
Skemmuvegi 14
Reynir bakari,
Dalvegi 4
Sendibílar Kópavogs ehf,
Askalind 3
Sérverk ehf,
Askalind 5
Slökkvitækjaþjónustan ehf,
Bakkabraut 16
Snyrtistofan Jóna ehf,
Hamraborg 10
Stjörnublikk ehf,
Smiðjuvegi 2
Suðurverk hf,
Hlíðasmára 11
Svansprent ehf,
Auðbrekku 12
Söluturninn Smári,
Dalvegi 16c
Tíbrá ehf,
Asparhvarfi 1
Tryggingamiðlun
Íslands ehf,
Hlíðasmára 11
Tækniþjónusta Ragnars G
Gunnarssonar ehf,
Smiðjuvegi 11
Verkfræðistofa Erlends
Birgissonar ehf,
Hlíðasmára 17
Verkfræðistofan VSI öryggishönnun og ráðgjöf ehf,
Hamraborg 11
Vélaleiga Auberts
Högnasonar,
Hlíðarhjalla 7
Vídd ehf,
flísaverslun,
Bæjarlind 4
Ýmus ehf,
heildverslun,
Laufbrekku 28
Ökukennsla EK ehf,
Goðakór 1

## Garðabær

Dýralæknastofan
Lyngási í Garðabæ,
Lyngási 18
Garðabær,
Garðatorgi 7
Garðasókn,
Kirkjuhvoli
Hagráð ehf,
Hofslundi 8
Loftorka ehf,
Miðhrauni 10
Mokarinn ehf,
Faxatúni 5
Rafboði,
Skeiðarási 3
Úranus ehf,
Hegranesi 21
Verktakafélagið
Glaumur ehf,
Birkihæð 5
Wurth á Íslandi ehf,
Vesturhrauni 5
Öryggisgirðingar ehf,
Suðurhrauni 2

## Hafnarfjörður

Aðalskoðun hf,
Hjallahrauni 4
Barkasuða Guðmundar ehf,
Hvaleyrarbraut 27
Beykireykt þorsklifur ehf,
Fornubúðum 5
Blekhylki.is,
Fjarðargötu 11
Byggingafélagið
Sandfell ehf,
Reykjavíkurvegi 66
Bæjarbakarí ehf,
Bæjarhrauni 2
Donna ehf-Ferno Norden
á Íslandi,
Móhellu 2
Essei ehf,
Hólshrauni 5
Fínpússning ehf,
Rauðhellu 13
Fjarðargrjót ehf,
Furuhlíð 4
Fjörukráin-Hótel Víking,
Strandgötu 55
Flúrlampar ehf,
Kaplahrauni 20
Fura
málmendurvinnslan ehf,
Hringhellu 3
G. Ingason hf,
Hvaleyrarbraut 3
Geymsla Eitt ehf,
Steinhellu 15
H. Jacobsen,
Reykjavíkurvegi 66
Heimir og Jens ehf,
Birkibergi 14
Hjólasprettur ehf,
Dalshrauni 13
Holtanesti,
Melabraut 11
Hópbílar hf,
Melabraut 18
Icetransport ehf,
Selhellu 9
Ísrör ehf,
Hringhellu 12
Japanskar vélar ehf,
Drangahrauni 2
Kjartan Guðjónsson,
tannlæknir,
Bæjarhrauni 2
Lagnameistarinn ehf,
Móabarði 36
Líkkistuvinnustofan
Fjölsmíð ehf,
Stapahrauni 5
Lögfræðimiðstöðin ehf,
Reykjavíkurvegi 62
Lögmenn Thorsplani sf,
Fjarðargötu 11
Móði ehf,
Norðurbakka 13c
Mynstrun ehf,
Herjólfsgötu 20
Rafgeymasalan ehf,
Dalshrauni 17
Rafhitun ehf,
Kaplahrauni 7a


# Vilt þú halda 100% af launum þínum við starfslok?




Með lögbundnum skyldulífeyri, Allianz viðbótarlífeyri og auka lífeyristryggingu getur þú tryggt þér 100% af launum þínum við starfslok.

Tryggir þína framtíð

Allianz



# Lögreglunám *á Íslandi*



*Sigríður Bjarkar*

**Mér er mikil ánægja að fá tækifæri til að fjalla um málefni Lögregluskólans, enda varðar framtíð skólans okkur öll sem þjónum í lögreglunni. Öll hljótum við að stefna að því að gera betur í dag en í gær og fylgja hröðum samfélagsbreytingum. Við þurfum að vera skrefi á undan slíkri þróun og setja okkur það markmið að vera í fremstu röð. Sannarlega vekur gleði að lögreglan skuli njóta svo mikils trausts sem kannanir bera með sér, en á sama tíma ber að varast að halla sér aftur og halda að þá sé þetta allt í lagi – nákvæmlega eins og það er.**

Í nýlegri skýrslu innanríkisráðherra sem lögð var fram á Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012-2013, um grundvallarskilgreiningar löggæslu á Íslandi og gerð löggæsluáætlunar fyrir Ísland, er að finna merkan kafla um menntun lögreglumanna.

***Þar segir orðrétt;***

> *Menntun lögreglumanna er lykilþáttur í bættri löggæslu. Mikilvægt er að menntun lögreglumanna svari ávallt kröfum samtímans um almannaöryggi og sé sambærileg stöðu menntunarmála lögreglunnar í Evrópu, einkum á Norðurlöndum. Undanfarin ár hefur þróunin verið sú að mikill meirihluti þeirra einstaklinga sem sótt hafa um skólavist í lögregluskólanum eru með stúdentspróf, iðnmenntun eða [sic] jafnvel lokið háskólaprófi. Dregið hefur úr þjálfun og námskeiðum lögreglumanna. Kemur þar bæði til fjárskortur og fækkun í lögregluliðinu. Erfitt er að mæta fjarveru vegna námskeiða vegna fjárskorts eða fámennis. Nýjar ógnir svo sem skipulögð glæpastarfsemi og mansal o.fl. kalla hins vegar á aukna menntun lögreglumanna til þess að takast á við þessar nýju ógnir o.fl. sem lögreglan stendur frammi fyrir í dag.*

Í skýrslunni eru útlistaðar ástæður þess að styrkja þurfi menntun lögreglumanna og lagðar fram tillögur til úrbóta. Þar ber helst að nefna:

